

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2006, miðvikudaginn 4. október var haldinn 262. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 08:15. Mættir: Anna Kristindóttir formaður, Ingi Þór Hermannsson, Ragnar Örn Pétursson, Björn Árni Ólafsson, Páll Ármann Eggertsson, Egill T. Jóhannsson, Páll Grétarsson og Sigurður Guðmundsson. Jafnframt: Skúli Skúlason fjármálastjóri ÍTR, Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð seinasta fundar lögð fram. Ekki gerðar athugasemdir.
2. Ragnar Örn Pétursson skipaður varaformaður til eins árs.
3. Skipan rekstrarstjórnar. Samþykkt að Ingi Þór Hermannsson, Ragnar Örn Pétursson, Páll Grétarsson og Anna Kristinsdóttir skipi rekstrarstjórn til eins árs.
4. Lögð fram útkomuspá vegna ársins 2006 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2007. Fulltrúi Mosfellsbæjar óskaði eftir nánari upplýsingum um kostnað vegna viðhalds og áhaldaleigu.
5. Lagt fram minnisblað forstöðumanns vegna kostnaðar við lokafrágang við Kónginn í Bláfjöllum.
6. Rætt um gerð áframhaldandi þjónustusamnings við sveitarfélögin. Samþykkt að ráða verkefnisstjóra vegna vinnu við samninginn.
7. Lagt fram minnisblað forstöðumanns Innri endurskoðunar dags. 13. sept. sl. varðandi ársreikning Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins vegna ársins 2005.
8. Lagður fram samningur milli Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og ÍTR um stoðþjónustu.
9. Næsti fundur 25. október í Bláfjöllum.
10. Egill T. Jóhannsson sagði frá hugmynd um BMX hjólabrautir í skíðabrekkum á sumrin. Forstöðumaður upplýsti að eitt mót hefði verið haldið í Bláfjöllum.
11. Rætt um fyrirkomulag bókana á skíðamót í Bláfjöllum og Skálafelli.

Fundi slitið kl. 09:40.

Anna Kristinsdóttir

Ingi Þór Hermannsson
Björn Árni Ólafsson
Egill T. Jóhannsson
Sigurður Guðmundsson

Ragnar Örn Pétursson
Páll Ármann Eggertsson
Páll Grétarsson